

4. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Miðvikudaginn 16. ágúst 2017 kl. 18.00 var haldinn **stefnumótunarfundur** stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður og Viktoría Jensdóttir varamaður. Þá var Guðný Rut Ísaksen verkefnastjóri á fundinum.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Magnús Orri Schram sá um stjórn og skipulag fundarins.

Markmið fundarins var að móta stefnu og markmið stjórnar fyrir starfsárið 2017-2018 og fá fram hugmyndir stjórnarmanna um hvað þeim væri efst í huga.

Unnið var úr öllum hugmyndum, þær ræddar og flokkaðar.

Efst á baugi voru m.a. innra starf félagsins, húsnæðismál og tölvukerfi.

Undir innra starf félagsins falla meðal annars sjálfboðaliðastörf, samfélagsmiðlar og alls kyns fræðsla fyrir félagsmenn. Stjórn ræddi ýmsar hugmyndir varðandi þessa þætti og skipti með sér verkum varðandi nánari útfærslu á ýmsum atriðum.

Húsnæðismál félagsins voru rædd og verður fundur í september með fulltrúum frá Reykjavíkurborg þar sem ýmsir möguleikar verða ræddir.

Herdís og Guðný munu nýta ferðina til Kiev á fund Evrópuráðs FCI til að spyrjast fyrir um kerfi danska hundaræktarfélagsins og bóka í framhaldinu fund með þeim. Stjórn var sammála um að fá til liðs við sig ráðgjafa sem yrði stjórn innan handar varðandi nýtt tölvukerfi.

Ýmis önnur mál voru rædd, meðal annars einangrunarmál, innganga HRFÍ í ÍSÍ, stórafmæli félagsins 2019 og almenningsfræðsla. Stjórn var sammála um að fundurinn hefði verið mjög gagnlegur enda gott og þarft að móta stefnu stjórnar fyrir starfsárið.

Fundi slitið kl. 22.00.

